REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 308/1989 með síðari breytingum.

1. gr.

Við 19. gr. bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. tl. 2. mgr. skulu þeir atvinnuleyfishafar sem voru 66–70 ára að aldri við gildistöku laganna, þ.e. 1. júlí 1989, halda leyfum sínum til 1. júlí 1994, en þó aldrei lengur en til 75 ára aldurs leyfishafa.

Samgönguráðuneytið, 12. nóvember 1993.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.